



**Skólaráð Tjarnarskóla
fundargerð 18. fundar**
(2. fundur á skólaárinu 2014-2015)
miðvikudaginn 15. apríl kl. 16.00

Mættir voru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Sigrún Edda Theodórsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Rosalie Rut Sigrúnardóttir, fulltrúi nemenda
Birna Dís Björnsdóttir, fulltrúi kennara
Karen Ósk Úlfarsdóttir, fulltrúi kennara
Jón Þór Sturluson, fulltrúi foreldra
Ingibjörg Gréta Gísladóttir, fulltrúi foreldra
Ragnheiður Hanson, fulltrúi grenndrasamfélags.

Gestir: Anna Dögg Arnarsdóttir og Rebekka Berta Hanson, fulltrúar í nemendaráði.

Þór Guðnason, 10. bekk, fulltrúi nemenda, boðaði forföll vegna veikinda.

Margrét setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og fór stuttlega yfir helstu viðfangsefni fundarins.

1. Skóladagatal og starfsáætlun fyrir skólaárið 2015-2016

Skóladagatalið:

Farið yfir drög að skóladagatali. Fundarmenn komu með tillögur að breytingum. Þessar helstar: Seinka haustferð m.a. vegna heimsóknar erlendra gesta og að gott sé að gefa nýjum nemendum tækifæri til þess að kynna öðrum áður en haldið er í ferðalagið. Ákveðið að færa ferðalag fram yfir samræmd próf hjá 10. bekk. Nokkrar umræður urðu um öskudagsfyrirkomulagið. Nemendur lýstu yfir ánægju með þá hefð sem hefur skapast undanfarin ár. Nemendur komu með tillögu um að hafa árshátíðin nokkur síðar en gert hafði verið ráð fyrir. Samþykkt að hafa hana 7. apríl og hafa dagana á undan sem „árshátíðarviku“ með skemmtilegri upphitun.

Fundarmenn samþykktu síðan skóladagatal 2015-2016. Það verður síðan sent til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til samþykktar.

Starfsáætlun:

Margrét bað fundarmenn um að kynna sér nánar Starfsáætlun Tjarnarskóla sem gildir um yfirstandandi skólaár. Ný áætlun verður send í lok mánaðar og fundarmenn voru hvattir að kynna sér núgildandi áætlun og senda ábendingar til Margrétar fyrir lok mánaðar. Nálgest má áætlunina á heimasíðu skólans.

2. Afmæli skólans

Margrét sagði frá því að mikil forföll hafa verið í kennarahópnum undan farnar vikur. Sú staðreynd og gestgjafahlutverk í vikunni fyrir páska hefur valdið því að lítil tími hefur gefist fyrir undirbúning afmælisins. Sú hugmynd hefur komið upp á kennarafundi um afmæli:

Dagsetningin verði fimmtudaginn 21. maí kl. 17.00 til 18.30.

Staðsetning: Hjá nágrönnum okkar í lðnó (stóri salurinn).

Gestir: Nemendur, foreldrar, starfsfólk, fyrrverandi nemendur og starfsfólk.

Hugmyndir að dagskrá: Sýning á stuttmynd sem hópur nemenda er að vinna að. Fá fyrrverandi nemanda/nemendur til þess að vera með tónlistaratriði og stutta afmælisræðu. MT verði með stutt afmælisávarp. Boðið upp á veitingar.

Fá nemendur dagana á undan að búa til eitthvað skraut og skreyta salinn fyrir hátíðina.

Í viðurkenningarskyni fengju nemendur að mæta tveimur tímum seinna daginn eftir.

Fulltrúar foreldra lögðu fram hugmyndir um að krydda dagskrána með að fá töframann og tónlistarmenn, jafnvel Pál Óskar. Einnig rætt um mikilvægi þess að koma viðburðinum á framfæri í fjölmiðlum. Ragnheiður bauðst til þess að setja sig í samband við fjölmiðla og Ingibjörg bauðst til að kanna möguleika á styrkjum fyrir afmælishaldið, t.d. hjá Íslandsbanka.

Margrét rifjaði aðeins upp hvernig fyrri afmæli hafa verið haldin (á fimm ára fresti).

Hugmyndir ræddar um boð í afmælið (e.t.v. auglýsing, tölvupóstur og Fésbókin).

Einnig umræður um nýjan Tjarnarskólabækling sem er í burðaliðnum, ætti að vera tilbúinn í næstu viku. Meðal efnis í bæklingi: Sex fyrrverandi nemendur rifja upp í fáum orðum veruna í Tjarnarskóla. Fundarmenn ræddu einnig um tengsl skólans við foreldra. Hugmynd hefur vaknað um að setja inn í umsóknina hvatningu til foreldra um að vera virkir í rafrænum samskiptum og að mæta á þá viðburði sem skólinn skipuleggur. Í þessari sömu umræðu kom fram sú hugmynd að nemendur þurfi að skrifa undir að þeir ætli að fylgja skóla- og umgengisreglum sem verða birtar á umsóknareyðublaði.

3. Opinn fundur skólaráðs fyrir skólalok

Á síðasta skólaráðsfundi var rætt um að viðfagnsefni opna fundarins yrði hugmyndavinnu um hvernig foreldrar geti orðið virkari í skólastarfinu. Þetta viðfangsefni var rætt fram og aftur og hugmyndum varpað fram. Hér má nefna hugmynd Ragnheiðar að skipuleggja hugguglegt kvöld þar sem nemendur og foreldrar í hverjum bekk hittist og komi með veitingar. Í framhaldinu var ákveðið að stefna að opnum fundi með því sniði að:

Nemendur og foreldra í hverjum bekkur fyrir sig hittist til að spjalla saman um skólastarfið, samskiptin og að efla kynni innbyrðis. Þar sem 10. bekkjarar kveðja skólann við skólaslit væri tilvalið að þetta kvöld verði notað til þess að skipuleggja útskriftarferð og 10. bekkjar útskriftarhátíð eftir skólaslitin

Ingibjörg kom með slagorðið: Við viljum kynnast ykkur! Bauðst til að hringja í alla foreldra í 9. bekk og hvetja til þátttöku foreldra! Tímasetning ákveðin þriðjudagskvöldið 5. maí næstkomandi. Jón Þór hringir í 10. bekkjar foreldra. Leitað verður til fulltrúa foreldra í 8. bekk í foreldraráðinu til þess að hringja í 8. bekkjar foreldra. SET sendir lista með nöfnum, netföngum og símanúmerum.

4. Önnur mál:

Karen kynnti að í næstu viku verður aðalfundur Samfés. Við höfum verið með „prufuáskrift“ að samtökunum og höfum getað tekið þátt í hluta af dagskrá Samfés. Spurning hvaða stefnu Tjarnskælingar eigi að taka varðandi þátttöku næstu ára. Undir þessum lið urðu talsverðar umræður. Niðurstaðan varð sú að okkur þyki sjálfsagt að eiga þann rétt að taka þátt, rétt eins og aðrir nemendur í Reykjavík þó að við getum ekki fyrirfram tryggt þátttöku í einstökum viðburðum og starfsemi sem Samfés býður upp á. Sem sagt: Við viljum gjarnan eiga þess kost að vera með en getum ekki tryggt þátttöku.

Fundi lauk eftir um það bil eina og hálf klukkustund.

Fundarritari var Sigrún Edda Theodórsdóttir, ritari.

MT